

74. fundur háskólaráðs Háskólans á Hólum, **1. mars, 2021 kl. 14:00-16:00** á zoom

Fundinn sátu: Erla Björk Örnólfsdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir, Jón Eðvald Friðriksson, Laufey Krittín Skúladóttir, Stefán Óli Steingrímsson og Sveinn Margeirsson, Gunnlaugur Bjarnason var fjarverandi. Fundarritari var Sigríður Sigurðardóttir.

Fyrirlögð dagskrá:

1. Samþykkt fundargerðar.
2. Fréttir úr starfinu og horfur ársins.
3. Stefna Háskólans á Hólum 2021-2025.
4. Jafnréttisáætlun Háskólans á Hólum.
5. Gestafræðimenn við háskólann.
6. Nemendagarðar háskólans – skipan stjórnar.
6. Önnur mál.

1. Dagskráin var samþykkt.

2. Fréttir úr starfinu og horfur ársins.

Niðurstaða ársins 2020 er rúmlega 30 milljóna tekjuafgangur vegna fjárheimildar til háskólans tengt uppsöfnuðum halla.

Vinna ráðgjafa frá *Birki mannauðs- og rekstrarráðgjöf* gengur vel. Gagnaöflun er lokið og er nú unnið úr þeim.

Innleiðing samskiptasáttmála háskólans er langt komin. Hver deild velur sér áherslur til að vinna að eitt ár í senn.

Innleiðingu á betri vinnutíma hefur fylgt ákveðinn vandi og áskoranir.

*Stefna Háskólans á Hólum 2021-2025* byggir á úttektum og niðurstöðum þeirra, ásamt gildum hans, sem eru virðing, fagmennska og sköpun. A) Skólinn verði þekktur sem framúrskarandi fjölþjóðlegt lærdómssamfélag fyrir framsækna kennslu, öflugar rannsóknir og nýsköpun, virka þátttöku í samfélagi og atvinnulífi og sterka liðsheild. B) Starfsemi skólans einkennist af fjölþættum stuðningi við atvinnugreinar í örri þróun; fiskeldi, ferðaþjónusta og hestamennsku. C) Skólinn tekur þátt í mótun samfélagsins og stuðlar að ábyrgri nýtingu náttúru með sjálfbærni að leiðarljósi. Stefnumörkunin felur í sér aðgerðaáætlun og framfylgnimælingar. Háskólaráð samþykkti áætlunina samhljóða.

3. Rektor kynnti *Jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun Háskólans á Hólum 2021-2023*. Í henni felst aðgerða- og tímaplan fyrir innleiðingu markmiða jafnréttisstefnu til ársloka 2023.

Fjögur megin markmið jafnréttisstefnunnar eru:

I. Að jafnréttismál verði kynnt reglulega og með almennum hætti innan HH.

II. Að laun og aðstaða verði jöfn óháð kyni.

III. Að kynja- og jafnréttissjónarmið endurspeglar í námi og kennslu.

IV. Að unnin verði og komið á stefnumótun, áætlanagerð og ákvörðunum í kynja- og jafnréttissamþættingu.

Háskólaráð samþykkti áætlunina samhljóða.

4. Rektor kynnti dr. Florian Plard, frá háskólanum í Lyon í Frakklandi, sem Fiskeldis- og fiskalíffræðideild hefur tilnefnt sem gestafræðimann við deildina. Florian er tölfræðilegur sérfræðingur og samstarfsmöguleikar hennar og starfsmanna deildarinnar um rannsóknir

miklir. Háskólaráð býður hana velkomna í hópinn og mælir með að hún kynni sig og störf sín, bæði innan skólans og utan hans.

5. Nemendagarðar háskólans. Rektor greindi frá stöðu Nemendagarða og að stjórn þeirra er íþyngjandi fyrir starfsmenn háskólans, m.a. akademíska starfsmenn. Rektor bað ráðsmenn að ígrunda hugmyndir að úrbótum á stjórnun Nemendagarða.

6. Önnur mál.

Rætt var um stafrænan háskóladag laugardaginn 27. febrúar sem gekk vel en fáir sóttu.